

júní 2020

Sumarkveðja Vináttu

Það hefur eflaust ekki farið fram hjá neinum hversu undarlegir síðastliðnir mánuðir hafa verið í lífi okkar allra. Öll þurftum við með stuttum fyrirvara að breyta fyrirkomulagi daglegs lífs og forgangsraða á nýjan hátt þegar Covid-19 stóð sem hæst. Börnin fóru ekki varhluta af því en með samhentunni áttaki skóla, heimila og vinnustaða tókst að búa börnunum þannig skilyrði að þau gætu haldið sinni rúttinu að einhverju leyti, því jú rúttinan er þeim svo mikilvæg. Nú eru sumarleyfi að hefjast og rúttina barnanna breytist alltaf eitthvað við það. Um leið og við óskum ykkur gleðilegs sumars með þakklæti fyrir ánægjulegt samstarf á annasömum vetri hvetjum við ykkur öll til að hafa gildi Vináttu áfram að leiðarljósi – þau fara ekki í sumarleyfi.



**Umburðarlýndi, virðing,
umhyggja og hugrekki**




Grunnskólaefni Vináttu er komið út

Það er með sérstakri ánægju sem við tilkynnum að nú er námsefni Vináttu fyrir 1.-4. bekk komið út að nýju eftir tilraunaútgáfu efnisins. Gríðarlega mikil eftispurn er eftir námskeiðum og námsefni í grunnskólum landsins og námskeiðin eru fljót að fyllast. Þið getið kynnt ykkur betur grunnskólaefni Vináttu [hér](#).

Blær þvær sér um hendur

Öll höfum við fengið góða æfingu að undanförunni í að þvo okkur vel um hendur. Blæ finnst mikilvægt að minna á handþvottinn og því höfum við nú gefið út nýtt lag Vináttu sem fjallar um handþvott. Þeir skólar sem vinna með Vináttu geta fengið hjá okkur [veggspjald](#) með texta og leiðbeiningum um handþvott og svo má nálgast lagið [á Spotify](#)



Pöntun á námsefni

Pöntun á námsefni fer fram í gegnum [pöntunarsíðuna](#)

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Vináttu má finna á [vefsíðu Barnaheilla](#) og í gegnum vinatta@barnaheill.is

Næstu námskeið Vináttu

- **Fyrir 1.-4. bekk grunnskóla og frístundaheimili:** 20. ágúst. [Skráning](#)
- **Fyrir 3ja-6 ára í leikskólum:** 9. september. [Skráning](#)
- **Fyrir 0-3ja ára í leikskólum og dagforeldra:** 16. september. [Skráning](#)
- **Tónlistarnámskeið:** 14. september. [Skráning](#)
- **Námskeið og kynningar í skólum fyrir starfsfólk og foreldra:** Hafið samband í gegnum vinatta@barnaheill.is

Ráðstefna Vináttu 1. október

Ráðstefna Vináttu verður haldin þann 1. október nk. á Grand hótél. Á ráðstefnunni verður m.a. fjallað um rannsóknir á einelti og þróun á námsefni Vináttu.

**Takið
daginn frá!**

